



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Álit vegna endurskoðunar laga um stjórn fiskveiða.

Lagt fram á fundi 2. október 2009.

1. Sjómannasamband Íslands telur eðlilegt að 9. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða standi óbreytt að mestu leyti. Þó þarf að breyta 2. málslíð 1. mgr. í ljósi þeirra skoðana Sjómannasambandsins sem fram koma hér á eftir. Breytingin þarf að vera á þann veg að hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málslíð 9. gr., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað, sé síðasta eiganda skipsins heimilt að ákveða á hvaða önnur skip í eigu útgerðarinnar hlutdeildin skuli skráð. Sé síðasti eigandi skipsins sem um ræðir hættur útgerð skal aflareynsla skipsins ekki talin með við úthlutun aflahlutdeildar.
2. Sjómannasamband Íslands hefur þá skoðun að byggðakvóta eigi að afnema. Samkvæmt framansögðu má því 10. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða falla brott í heild sinni. Í 11. tölulíð hér að neðan eru tíundaðar hugmyndir Sjómannasambandsins um hvernig á að tryggja fiskvinnslu í hinum ýmsu byggðum landsins aðgang að hráefni.
3. Heimild til tegundatilfærslu skv. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða hefur oft verið misnotuð í tengslum við viðskipti með veiðiheimildir. Verði framsal veiðiheimilda bannað eins og Sjómannasamband Íslands leggur til í 6. tölulíð hér að aftan mega ákvæði 11. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem snúa að tegundatilfærslu standa óbreytt. Þetta ákvæði ætti þó að vera óþarft þar sem hver útgerð getur lagað kvótasamsetningu sína með skiptum á veiðiheimildum við aðrar útgerðir.
4. Sjómannasamband Íslands telur að núgildandi ákvæði 11. gr. laganna um stjórn fiskveiða er lúta að flutningi aflamarks milli fiskveiðiára hafi í raun verið óvirk varðandi geymslurétt til næsta fiskveiðiárs. Útgerðir hafa fram til þessa nýtt heimild til flutnings aflamarks milli skipa og þannig farið fram hjá ákvæðinu. Sú leið sem útgerðir hafa notað til geymslu aflamarks verður notuð meðan framsal aflamarks er heimilt. Í kjölfar þess að réttur til framsals aflamarks verður afnuminn er eðlilegt að þrengt sé hversu mikið má geyma til næsta fiskveiðiárs.
5. Sjómannasamband Íslands telur að afnema eigi bæði línuvílnun og heimild til að landa svokölluðum VS-afla utan aflamarks. Halda á ákvæðinu um að hægt sé að ákveða að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta til aflamarks.
6. Sjómannasamband Íslands ítrekar þá skoðun að afnema beri rétt útgerðarmanna til að framselja veiðiheimildir. Sjómannasamband Íslands leggur til að lögunum um stjórn fiskveiða verði breytt á þann veg, að útgerðir fái aðeins leyfi til að veiða úthlutaðar aflaheimildir. Þær fái hins vegar ekki að fénýta veiðiheimildirnar sjálfar á annan hátt, en megin gagnrýnin á stjórnkerfi fiskveiðanna hefur einmitt verið sú að útgerðarmönnum hafi verið færð verðmæti í kvótum sem þeir fénýta með leigu eða sölu. Þannig verði skilgreint í lögunum um stjórn fiskveiða að útgerðin hafi

nýtingarrétt á úthlutuðum veiðiheimildum til þeirra skipa sem hún á og rekur, en verði bannað að framselja aflahlutdeildina, aflamarkið eða krókaafلامarkið til skipa í eigu eða rekstri annarra útgerða. Jafnframt verði tekið fram að sé skip í eigu útgerðar leigt öðrum til útgerðar skuli aflamark, krókaafلامark og/eða aflahlutdeild skipsins ekki fylgja með í leigunni. Til að viðhalda hagkvæmni í veiðunum verði útgerðum þó heimilt að flytja aflamark, krókaafلامark og/eða aflahlutdeild milli skipa í sinni eigu. Þetta gildi þó ekki um skip sem eru í eigu útgerðarinnar en eru gerð út af öðrum. Jafnframt verði útgerð heimilt að skipta á tegundum við aðrar útgerðir, enda sé þá um jöfn skipti að ræða, þ.e. jöfn verðmæti tegunda sem skipt er. Gildi þetta bæði um varanleg skipti á aflahlutdeild og eins um skipti innan fiskveiðiársins á aflamarki eða krókaafلامarki. Verðstuðlar (þorskígildisstuðlar) fyrir hverja tegund vegna skipta á aflamarki, krókaafلامarki og/eða aflahlutdeild einstakra tegunda skulu gefnir út ársfjórðungslega og skulu miðast við hráefnisverð hvernar tegundar undangengna mánuði. Einnig verði sett inn í löginn að sé skip tekið úr rekstri, selji útgerð skip eða skipti skip um eiganda (kennitölu) með t.d. samruna við aðra útgerð skuli aflahlutdeild skipsins, krókaafلامark og aflamark þess renna til ríkisins til endurúthlutunar.

7. Sjómannasamband Íslands telur nauðsynlegt að ákvæði 13. gr. laganna um stjórn fiskveiða haldi sér. Aðlaga þarf ákvæði 14. gr. og ákvæði V til bráðabirgða að því sem sagt er í 6. tölulið hér að framan um bann við framsali veiðiheimilda.
8. Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við hvernig þorskígildi hvernar fisktegundar er fundið og telur enga aðra leið skynsamlegri en að nota verð hvernar fisktegundar til að finna þessa stuðla. Verði áfram heimilt að selja ferskan fisk í beinni sölu til útlanda þarf þó að laga stuðlana fyrir þann afla (88% viðmiðið) þar sem oftast er um fob sölu að ræða í þessum beinu viðskiptum. Bent skal á 9. tölulið varðandi skoðun Sjómannasambands Íslands á þessum beinu viðskiptum til útlanda. Telji menn að stuðlarnir séu ekki réttir stafar það að stærstum hluta af vitlausri verðlagningu á aflanum og má laga það með því að selja allan óunninn afla á fiskmarkaði sbr. 11. tölulið hér að aftan. Allan afla sem fluttur er út í gámum ætti að skrá hjá Fiskistofu á fob verðmæti þannig að hægt sé að nota tölurnar beint við útreikning á þorskígildisstuðlum. Eins og bent er á í 6. tölulið mætti reikna þessa stuðla oftast en einu sinni á ári.
9. Þar sem vigtun afla er í ásættanlegum farvegi telur Sjómannasamband Íslands ekki ástæðu til að blanda þeim málum beint inn í endurskoðun laganna um stjórn fiskveiðanna. Varðandi útflutning á óunnum fiski má benda á að aðeins fiskmarkaðir erlendis hafa leyfi til endurvigtunar afla enda hefur Fiskistofa gengið úr skugga um að sú vigtun fari fram með eðlilegum hætti. Hins vegar þyrfti að setja inn í löginn um stjórn fiskveiða að allur afli sem fluttur er óunninn úr landi skuli seldur á fiskmarkaði erlendis. Nokkuð er um að afli sem er endanlega vigtaður hér á landi sé seldur í beinni sölu til útlanda til fyrirtækja í eigu Íslendinga. Sjómannasamband Íslands telur þannig viðskiptamáta með óunninn fisk óeðlilegan og ætti að girða nú þegar fyrir þessi viðskipti.
10. Sjómannasamband Íslands telur sjálfsagt og eðlilegt að upplýsingar um aflahlutdeild íslenskra skipa, úthlutun aflamarks, afla, ráðstöfun afla og þ.h. séu opinberar upplýsingar og því aðgengilegar öllum. 22. gr. laga 57/1996 á því fyllilega rétt á sér. Það er ekki einkamál útgerðanna hvernig farið er með eign

Þjóðarinnar og því á allt að vera upplýst varðandi framangreind atriði og fleira ef því er að skipta.

11. Sjómannasamband Íslands telur að inn í lög um stjórn fiskveiða þurfi að taka ákvæði um ráðstöfunarrétt útgerða á þeim afla sem heimilt er að veiða. Eins og staðan er nú hefur handhafi veiðiheimildar rétt til að veiða fiskinn, selja sjálfum sér aflann, nánast á því verði sem hann ákveður og að lokum hefur hann á sinni hendi sölu afurðarinnar sem út úr aflanum fæst. Sjómannasamband Íslands telur þetta fyrirkomulag afar óeðlilegt svo ekki sé notað sterkara lýsingarorð. Sjómannasamband Íslands telur að í fyrsta lagi þurfi að setja í lög ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Í öðru lagi á að skylda útgerð til að selja óunninn afla á fiskmarkaði innanlands eða erlendis. Þannig hefur fiskvinnsla vítt og breytt um landið tækifæri til að kaupa fisk og halda uppi atvinnu í sínu byggðarlagi þó svo að skip sé ekki gert út frá viðkomandi stað.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

